

Fundur í Beta deild haldinn 29. október 2014 í Menntaskólanum á Akureyri

Mættar voru 16 konur og 1 gestur

1. Setning fundar

Aníta varaformaður setti fund í forföllum Bjarkar formanns og flutti hún kveðjur frá fjarstöddum konum. Margrét Kristín kveikti síðan á kertunum, en geta má þess að Lilja hafði áður en fundurinn byrjaði gefið Beta deild nýjan rauðan kveikjara.

2. Orð til umhugsunar

Fríða Pétursdóttir var með orð til umhugsunar og las úr nýrri bók Stefáns Jóns Hafstein sem heitir *Afríka – ást við aðra sýn*. Þetta eru hugleiðingar Stefáns eftir veru hans í Afríku og stórar og fallegar myndir fylgja sem segja margt. Hún las um brosið. Ef það væri eitthvað sem hann vildi geta tekið með sér frá Afríku væri það brosið. Að geta brosað eins og fólkið sem hann hitti daglega um alla sunnanverða álfuna, ljómaði í tötrum sínum, ljómaði innan úr hreysunum, ljómaði á förnum vegi. Brosið sem hann vildi læra í Afríku og taka með sér heim er vinsemdarbrosið. Fólkið í Afríku brosir í einlægni. Týndum við brosinu í neytendafrekjunni sem okkur er innrætt? Eða er það tíminn sem við týndum? Hvarf brosið í svartan svelg tímahraks og klukkuprældóms? Þið eigið klukkur, við eigum tíma, segja Afrikumenn.

3. Fundargerð

Ragnheiður Sig. las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt án breytingar.

4. Erindi frá stjórn

Aníta bað konur að athuga hvort þær hafi góðar tillögur um húsnæði fyrir næsta jólafund. Þá minnti hún á Landssambandsþingið sem verður haldinn í Reykjavík 9.–10. maí 2015. Einnig minnti hún á Evrópuþingið sem verður haldið í Borås í Svíþjóð 5.–8. ágúst 2015. Þá nefndi Aníta að konur skyldu endilega koma með tilnefningar í stjórn DKG.

5. Önnur mál

Margrét Kristín gjaldkeri minnti konur á að borga árgjaldið. Anna Þóra bað um að fá fréttir af framkvæmdaráðsfundi sem haldinn var í Reykjavík í ágúst sl. Enginn fór frá Betadeild nema Þorgerður en hún er í stjórn DKG ? (ath) Þorgerður var ekki á fundinum, en það er spurning hvort eigi að biðja hana að segja frá. Þá var bent á að fundargerð af fundinum væri á netinu.

6. Gestur kvöldsins

Gestur kvöldsins var Kristín Sigfúsdóttir menntaskólakennari. Hún ræddi um umhverfið, fyrirmyndir, náttúruna, auðlindir, lífhvolf og margt fleira. Hún sagði að umhverfi sé það sem þú ert búin að umhverfa. Hún nefndi hvað bækurnar *Raddir vorsins þagna* eftir Rachel Carson og *Dauðasyndir mannkyns* eftir Konrad Lorenz höfðu mikil áhrif á hana sem ungling þegar þær komu út á íslensku.

Hún vitnaði í ýmsar konur og byrjaði á móður sinni sem hún sagði að hefði verið góð fyrirmynd í þessum málum og nýtt vel alla hluti. Einnig Gro Harlem Brundtland sem hún sagði að hefði verið góð fyrirmynd í umhverfismálum. Þá talaði hún um Malala Yousafzai sem nýverið fékk friðarverðlaun Nobels en hún er aðeins 17 ára. Talaði um hvað þessar konur hefðu mikil áhrif í heiminum.

Þá ræddi hún um mengun og hvað hlutir og efni væru lengi að eyðast nefndi t.d. einnota bleiur sem væru 75 ár að eyðast. Þá tók hún álpappírinn sem mikið er notaður og hvatti okkur til að nota hann helst ekki.

Hún ræddi um loftmengun, heilsu og svifryk og talaði um hvað regnskógarnir eru mikilvægir. Nefndi t.d. hvað mengun hefur mikil áhrif á eistu karla.

Þá hvatti hún okkur til að nýta hlutina betur og sagði í því sambandi að um 80% af því sem framleitt er í heiminum er hent innan 6 mánaða frá framleiðslu. Gaf hún okkur t.d. það ráð að nota plastpokann undan Cheerios og líka tóma kaffipakka til að frysta í.

Miklar umræður urðu eftir erindi Kristínar og höfðu konur áhyggjur af öllu þessu plasti og plastbökkum sem flæðir í búðum. – Kristínu var vel þakkað og héldu umræður áfram í kaffinu.

Vefslóðir sem Kristín nefndi: www.eea.europa.eu – www.ust.is – www.sorpa.is

7. Kaffi og happdrætti

Þá var boðið upp á kaffi og yndislegt meðlæti og stóð kaffinefndin fyrir sínu.

Dregið var í happdrættinu og fékk Selma vinninginn.

Pyngjan góða var látin ganga.

Fundi slitið kl. 21:30

Fundargerð ritaði,
Ragnheiður Sigurðardóttir.

